

Egilsstaðir 13. mars 2026

Skipulagsstofnun

b.t. Jóns Smára Jónssonar

Viðbrögð við umsögnum.

Vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu vegna endurheimtar skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Alls bárust sjö umsagnir frá Langanesbyggð, Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, RARIK, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landi og skógi. Six Rivers Iceland þakkar fyrir allar athugasemdir og ábendingar sem bárust. Þær eru raktar hér að neðan og svarað efnislega.

1. **Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa** leggjast ekki gegn fyrirhuguðum framkvæmdum sem hér eru til umsagnar, en leggja áherslu á mikilvægi skipulagðar langtíma vöktunar samhliða framkvæmdum. Slík vöktun er mikilvæg til að meta árangur verkefnisins og auka þekkingu á samspili skógræktar og vatnalífs, sem nýtast mun fyrir framtíðarskipulag landgræðslu og skógræktar á svæðinu sem og annars staðar á landinu.

Skógræktarteymi Six Rivers Iceland er meðvitað um sérstöðu íslenskra vistkerfa og hversu breytileg þau geta verið á milli landshluta. Innan Six Rivers Iceland starfar rannsóknarteymi undir stjórn Dr. Rasmus Lauridsen, vatnavistfræðings. Hann hefur gert grunnrannsóknir á smádyralífi í ám á starfssvæði Six Rivers Iceland. Niðurstöður benda til að lítið sé af tæturum (shredders) í ánum, en vonir standa til að þeim fjölgi þegar framboð kjörfæðu þeirra eykst í ánum. Six Rivers Iceland gerir sér grein fyrir því að ár, og jafnvel áratugir, geta liðið þar til sjá má marktækar breytingar í þá átt sem vonast er eftir. Á meðan verður þróunin vöktuð markvisst og vonir standa til að þau gögn nýtist síðar öðrum einstaklingum og samtökum sem ráðast í svipuð verkefni. Sumar vaktanir verða framkvæmdar árlega eða oftar, en aðrar sjaldnar. Markmiðið er að greina breytingar í ánum

og umhverfi þeirra, hvort sem þær stafa af náttúrulegum orsökum, loftslagsbreytingum, eða af framkvæmdum á vegum Six Rivers Iceland.

2. **Rarik** bendir í umsögn sinn á að fyrirhugaðar framkvæmdir á þeirra vegum, þar sem unnið er að strenglagningu milli Vopnafjarðar og Þórshafnar, muni m.a. liggja um Miðfjarðarnessel. Six Rivers Iceland mun taka tillit til þess við skipulagningu gróðursetningar á svæðinu.

3. **Náttúruverndarstofnun** bendir á að vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar, sem byggð er á fjarkönnun, og upplýsingar í greingerð verkefnisins stangist á. Það er rétt að ákveðið misræmi getur verið þar á milli. Greining á skógræktarlandi skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) byggir á nákvæmari kortlagning á gróðurfari en fjarkönnun, en felur jafnframt í sér ríkari skyldur fyrir gróðurkortleggjarann að greina fágætar vistgerðir. Starfsfólk sem sinnir skipulagningu landgræðslu og skógræktar hefur bæði menntun og reynslu af gróðurkortlagningu. Við skipulagningu og gróðurkortlagningu er stuðst við vistgerðarlykil NÍ. Einnig er stuðst við leiðbeiningar og viðmið í nýútgefnum Gæðaviðmiðum við val á landi til skógræktar, [Gæðaviðmið](#).

Vistgerðarlykill náttúrufræðistofnunar er lykilverkfæri við gróðurkortlagningu og undirbúning skógræktar. Í verkefninu er engin áhugi á að raska fágætum vistgerðum og þar sem vafi leikur á verður leitað eftir frekari upplýsingum, þekkingu og samstarfi við viðeigandi stofnanir. Engar fyrirætlanir eru um að gróðursetja í/eða þétt við votlendisvistgerðir sem taldar eru upp í umsögninni. Stefnt er að því að fylgja leiðbeiningum og viðmiðum Lands og skógar, eins og áður hefur komið fram.

Gæðaviðmiðin sem nefnd eru hér að ofan og staðall um sjálfbæra skógrækt gefa einnig leiðbeiningar um hvernig haga skuli skógrækt og landgræðslu nærri árbökkum.

Varðandi búsvæði fugla þá er fyrirhugað framkvæmdasvæði í hallandi hlíð, tekið verður tilliti til ábendinga um heiðlóu og spóa á mólendi þar sem halli er lítill. Engin áform eru um að gróðursetja í votlendi eða votlendisjaðra þar sem lóuþræll gæti verpt.

Verkefnið er að nokkru leyti ólíkt hefðbundinni skógrækt að því leyti að engin jarðvinnsla eru fyrirhuguð, þéttleiki gróðursetningar er almennt minni en í hefðbundinni skógrækt og runnar og íslensk lauftré eru kjarninn í tegundavali. Því verða ógróðursett svæði, bæði stór og smá, innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, svo sem votlendi, jaðrar votlendis, gamalt ræktaland og fl.

4. **Náttúrufræðistofnun Íslands** bendir á að titill verkefnisins geti verið villandi og er sú ábending móttækin. Þó vissulega megi færa rök fyrir því að stór hluti verkefnisins falli undir endurheimt vistkerfa, á það ekki við um alla þætti þess. Í því samhengi má vísa til umsagnar LOGS.

Hugsanlega væri heppilegra að nota hugtakið endurhæfing (rehabilitation). Samkvæmt alþjóðlegum staðli Society for Ecological Restoration (SER) felur endurhæfing vistkerfa í sér aðgerðir sem miða að því að endurnýja og viðhalda vistkerfisþjónustu, svo sem kolefnisbindingu, vatnsbúskap og jarðvegsvernd, fremur en að leggja áherslu á fullan líffræðilegan heilleika eins og í endurheimt. Endurheimt vistkerfa leitast við að koma gróðri í upprunalegt horf, en endurhæfing viðurkennir að gróðursamsetning breytist varanlega, en leitast er við að endurheimta sjálfbæran, náttúrulegan gróðursamfélög eins nálægt upprunalegu ástandi og mögulegt er.

Varðandi tegundaval mun skipulag verkefnisins fylgja þeim reglum og kvöðum sem gilda um skógrækt og landgræðslu skv. náttúruverndarlögum og gæðaviðmiðum við val á landi til skógræktar. Starfsfólk Six Rivers Iceland er meðvitað um mikilvægi þess að gæta varúðar við notkun framandi tegunda.

Þær framandi tegundir sem fyrirhugað er að nota í verkefninu eru, að svo stöddu, ekki taldar ágengar. Flestar þeirra eru hugsaðar sem frumherjategundir og gert ráð fyrir að þær víki með tímanum fyrir innlendum tegundum. Elri er til að mynda nytsamleg landgræðsluplanta þar sem hún bindur nitur í jarðvegi í samlífi við niturbindandi bakteríur. Hún skilar einnig mikilli orku í vatnavistkerfið þar sem lauf hennar falla græn og nýtast vel sem fæða fyrir smádýr sem síðar verða fæða seiða.

Hvorki elri, lerki eða greni eru talin líkleg til að sá sér í verulegum mæli út frá fyrirhuguðum notkunarsvæðum. Starfsfólk Six Rivers Iceland er meðvitað um vinnu sem Land og skógur hóf haustið 2025 þegar skipaður var Vinnuhópur um tegundaval í landgræðslu og skógrækt. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum og leiðbeiningum á þessu ári og mun verkefnið endurskoða tegundaval og aðgerðir með tilliti til þeirra niðurstaðna þegar þær liggja fyrir.

Varðandi vöktun þá er fyrirhugað nú sem áður að fylgjast með og vakta ýmsa þætti sem tengjast lifun gróðursettra plantna sem og vöxt og viðgang gróðurs í þessu verkefni sem og öðrum skógræktar- og landgræðsluverkefnum á vegum Six Rivers Iceland.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Six Rivers Iceland,

Agnes Brá Birgisdóttir

Verkefnisstjóri Landgræðslu- og skógræktar

Six Rivers Iceland